

VÍSIR SUNNUNU DAGSBLAÐ

1943

Sunnudaginn 24. október

41. blað

„Bókasöfnun er ástríða“ Heimsókn í bókasafn Magnúsar Kjarans.

Þegar tíðindamaður Vísis heimsótti Magnús Kjaran stórkaupmann í vikunni sem leið og spurði hann um fyrirætlanir Bókfellsútgáfunnar h.f. fékk hann loforð hjá Magnúsi um að fá að skoða bókasafn hans síðar. Hefir Magnús Kjaran safnað sjaldgæfum og merkilegum bókum um langt árabil og er safn hans meðal beztu einkabókasafna hér.

„Hvenær byrjuðuð þér að safna bókum?“ spurði tíðindamaðurinn.

„Það er nú heill aldarfjórðungur frá því eg byrjaði á því. Mér er minnstætt, þegar við hjónin höfðum nýstofnað heimili, að kunningi minn heimsótti okkur og spurði: „Hvort býr þú svo, að bókarlaus sért?“ Síndi eg honum þá bækur þær, sem við hjónin höfðum komið með í húsið; hafði hann orð á, að vel væri af stað farið.“

„Hvað bókum safnið þér sérstaklega?“

„Einkum tímaritum og ferðabókum um Ísland. Svo og öllu, er snertir sögu lands og þjóðar. Og loks úrvali af skáldskap í bundnu og óbundnu máli. Min hugsun hefir fyrst og fremst verið sú, að eignast gott heimilisbókasafn. En svo verður safnaranáttúran sjálf að fá einhverja fullnægingu og þess

vegna safna eg fyrsta eintakinu af tölusettum bókum.“

„Hvaða bækur eigið þér elztar og merkilegastar í safni yðar?“

„Af íslenskum bókum tel eg merkastar Landnámu og þær aðrar bækur, sem Þórður biskup Þorláksson gaf út í Skálholti 1688. Enda má telja það fyrstu útgáfu veraldlegra bóka á Íslandi. En guðsorðabókum safna eg ekki, svo að teljandi sé. Af gömlu tímaritunum tel eg mig eiga betri eintök en almennt gerist. T. d. á eg eintak það af „Ármann á alþingi“, sem Baldvin Einarsson lét binda í Kaupmannahöfn og sendi Bjarna amtmanni Þorsteinssyni (Thorsteinsson). Er það eintak með afbrigðum gott. Elzta ferðabók mín er um ferð til Íslands, sem Martiniere fór að tilhlutun Friðriks III. 1647. En elzta bók mín er prentuð í Wittenberg



Nokkur hluti bókasafnsins.

1538. Og þótt prentlistin væri ekki gömul þá, eða einmitt þess vegna, er hún prentuð með einhverju því fegursta lettri, sem eg hefi séð. Enda voru fyrstu erfiðleikar prentlistarinnar að ná fegurð handritanna.“

„Hvar hafið þér náð í alla þessa dýrgripi?“

„Á ferðum mínum erlendis hefi eg ávallt heimsótt fornbóksala og spurt um bækur á íslensku eða um Ísland. Þannig hefi eg náð í flestar ferðabækur mínar, aðallega í London og Leipzig. Á sama hátt fékk eg líka í London fállega eintak en eg hefi séð annarsstaðar af Annálum Björns á Skarðsá. — Bókaupphöf eru nú hætt, enda voru þau tímafrek, en marga bókina náði maður í þar. En líklega hefi eg fengið mest úr safni Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og sonar hans Árna landfógeta, svo og lítið eitt úr söfnum þessara manna: Hannesar skjalavarðar Þorsteinssonar, Sæmundar læknis Bjarnhéðinssonar, Björns símastjóra Magnússonar, Boga í Búðardal o. fl. o. fl.“

„Hvað er safn yðar stórt?“

„Því er vandsvarað. Það fer eftir því, hvað maður telur eitt bindi. T. d. tímaritin, hvort ár-

gangur er talið bindi, eða það, sem bundið er saman í eina bók. Réttast er að telja bækurnar í metrum, eins og Þorsteinn sýslumaður Þorsteinsson gerir. Mínar bókahillur eru um 60 metrar, en líklega rösk 2500 bindi.“

„Ekki hafið þér nú lesið þetta allt?“

„Nei, það getið þér reitt yður á. Þarna er nú til dæmis Kirkjusaga Finns biskups á latínu, sem eg skil ekki orð í. Og þarna er Melankton, yfir 400 ára gamall. Svo á eg eina bók á kínversku. Eg veit ekki hvort þér skiljið það, en sumar bækur er meiri ánægja að handleika en lesa. Hitt er svo annað mál, að þurfi eg að fletta upp í bók get eg venjulega gengið að henni blindandi í skápnunum og eg er ekki lengi að finna þann kafla, sem eg leita að. Ánægja bókasafnarans er ekki eingöngu falið í lestri bóka, hún er miklu viðtækari. Hann umgengst bækur eins og vini sína, sem honum þykir gaman að sjá, taka í höndina á og spjalla við. Honum líður vel í návist þeirra. Hann ráðfærir sig við þennan í dag, en heyrir álit hins á morgun. Bókasafnarar les sjaldnast bók óbundna. Hann kann ekki við hana fáklædda.



Magnús Kjaran með eina af elztu bókum sínum. — Hún er um náttúrufræðileg efni, lettrið mjög falllegt og bandið með afbrigðum vandað. Eins og sjá má á myndinni er bókinni lokað með spennum.

Hann lætur binda hana í snyrtilegt band, svo að hún verði samkvæmishæf. Oftast látlaust, en haldgott. En stundum í skrautklæði. Þá getur stundum ævisaga bókar eða áletranir á þær gefið þeim sérstakt gildi fyrir safnara.“

„Eigið þér ekki eitthvað af slíkum bókum?“

„Jú, vitanlega. Hér er bók um byggingarlist Þjóðverja, bundin í silki og gull. Gjöf frá Paul Löbe, forseta þýzka Ríkisdagsins 1930. Hún er með áletrun hans og þriggja fulltrúanna, sem komu hingað á Alþingishátíðina. Hér er eitt af mínum fallegustu eintökum: Paradísarmissir Miltons í þýð. Jóns á Bægisá úr safni Friðriks VI., að því er Guðmundur Finnogason segir. Og fyrst við minnumst á Guðmund, þá vil eg segja það, að ein af mínum uppáhaldsbókum er Mannfagnaður hans, með áletrun höfundar og gjöf frá honum í bandi, sem kona hans hefir teiknað. Kannist þér ekki við myndina, sem greypt er í skinnið? Sjálfur höfundurinn að halda ræðu á réttarvegg.“

„Nú langar mig aðeins að sjá nokkur eintök nr. 1 og svo skal eg ekki þreyta yður lengur.“

„Ungi maður, nú skil eg yður: Það eruð þér, sem eruð orðinn þreyttur. Eg má ekki byrja að tala um bækurnar mínar, þá drep eg alla af mér. Eintak nr. 1. Hvað er hendi næst? Bakkynjurnar, þýtt hefir Sigfús Blöndal. Gjöf frá Páli Ísólfsyni. Samtíðarmenn í spéspegli. Gjöf líka, eins og þér sjáið. Og svo að lokum Tómas Guðmundsson: Fagra veröld, með áritun höfundar.“

„Allt fyrsta eintakið, allt í alskinni og allt gefið. Er svona auðvelt að safna bókum?“

„Sjáið þér til — bókasöfnun er ástríða, að sínu leyti eins og vinnhneigð. En hvenær hafið þér rekizt á það, að drykkjumaður hætti að drekka af því að hann næði ekki í vin? Matarlaus gat hann orðið að vera, því enginn rétti honum bita, en vinið skorti aldrei. Vilji einhver gefa mér almælis- eða jólagjöf, þá er fyrsta hugsun hans bók, góð bók, fágæt bók. En eg gæti þess vegna verið herfættur, enginn gefur mér á fæturna.“

„Er nú samt ekki einhver bók, sem yður finnst vanta tilfinnanna í safn yðar?“

„Jú, svo sannarlega: Maanedstidende Magnúsar Ketilssonar, fyrsta tímarit, sem gefið var út á Íslandi. Ef þér eruð að hugsa um að gefa mér bók, blessaðir gefið mér það!“

Þorsteinn Símonarson:

ÓLAFSFJÖRÐUR

Þegar farið er á skipi fyrir Siglunes og síðan inn Eyjafjörð er farið fyrir tvo litla firði áður en komið er inn að Hrisey. Heitir fjörður sá, sem nær er Siglunesi, Héðinsfjörður en hinn austari Ólafsfjörður. Við botn þess fjarðar er Ólafsfjarðarkauptún með um 770 íbúa, 4. stærsta kauptún landsins, miðað við fólksfjölda, mesta þorskveiðistöð norðanlands, aðeins 6 km. frá fjölförnustu skipaleið norðanlands en þó á ekkert haf-fært skip áætlun þangað. Það skeður að vísu að millilanda- og strandferðaskip komi á Ólafsfjarðarhöfn en það er undantekning og komið undir velvilja útgerðarfélaganna og skipstjóra hvort svo er eða ekki. Mestallar vörur til Ólafsfjarðar fara því til Akureyrar, eru settar þar í vörugeymslur og síðan fluttar til Ólafsfjarðar með vélbát, sem flytur mjólk frá Akureyri til Siglufjarðar. Sá bátur er jafnframt notaður til fólksflutninga. Er aðbúnaður farþega á bát þessum hinn ákjósanlegasti og væri það atriði nægilegt efni í sérstaka blaðagrein.

Þegar athugað er hvernig standi á þessu ástandi í samgöngumálum Ólafsfjarðar er svarið augljóst. Ólafsfjörður liggur inn í landið til suðvesturs og er opinn fyrir norðaustan átt og frá náttúrunnar hendi eru engin þau skilyrði fyrir hendi er veiti skipum afdrep á firðinum. Vegna þessa er ekki hægt að reka útgerð frá Ólafsfirði nema um sumartímann. Byrjar útgerðin venjulega í apríl mánuði og stendur fram í september. Eftir septemberlok verður ekki stunduð útgerð á bátum frá Ólafsfirði öðrum en þeim, sem settir verða á land eftir hvern róður. Stundum hafa Ólafsfirðingar teflt of djarft í þessu efni og orðið of seinir að yfirgefa fjörðinn og bátarnir sokkið á höfninni og ónýtt. Má segja að á engum tíma árs sé öruggt bátalagi á Ólafsfirði og skal hér sagt frá nýlegu fyrirbrigði því til sönnunar.

Laugardagskvöldið 8. júní 1935, kvöldið fyrir hvítasunnu, var veður hið bezta. Ólafsfirðingar lögðu bátum sínum á höfnina svo sem venja var til. Um nóttina gerði norðaustan óveður og stórsjó, svo skyndilega, að menn, sem voru að gera



Þegar útgerðin brást Ólafsfirðingum fóru þeir að rækta landið í nágrenni kauptúnsins. Ræktunarskilyrðin eru þó slæm.

að fiski rétt við bryggjuna, gátu náuðuglega bjargað á land opnum bátum, sem voru þar við bryggjuna. Út í báta þá, sem voru á höfninni, varð ekki komist. Um nóttina sukku, eða rak á land, 18 báta. 10 opnir vélbátar og einn 17 smál. vélbátur ónýttust alveg, en 4 trillubátar og 3 þilfarsbátar skemmdust mikið. Ólafsfirðingar misstu þannig í vertíðarbyrjun mestan hluta bátastóls síns. Voru allir opnu vélbátarnir óvátryggðir og eignatjón hlutaðeigenda því mikið. Auk þess olli þetta miklu atvinnutjóni í kauptúninu þar sem, atvinna flestra kauptúnsbúa er bundin við útgerð báta þeirra, er fórust.

Það er von Ólafsfirðinga, að viðburðir sem þessi eigi ekki eftir að endurtaka sig. En það verður ekki tryggt nema með fullkominni hafnargerð í Ólafsfirði.

Í Ólafsfjarðarkauptúni er aðeins ein bryggja og hún er bæði stutt og mjó og svo lítið dýpi við hana að stærri skipum er ekki fært að henni. Upp- og útskipun í stærri skip er því mjög kostnaðarsöm í Ólafsfirði þar sem skipin liggja þá meir en kílómeters veg frá bryggjunni.

Ólafsfjarðarkauptún er með yngstu kauptúnunum landsins. Stofnaðist þar ekki föst byggð fyrr en skömmu fyrir síðustu aldamót og ekki var þar lög-giltur verzlunarstaður fyrr en árið 1905. Umhverfi kauptúnsins er ekki vel fallið til ræktunar og hafa íbúar þess því orðið að byggja afkomu sína á sjávarútvegi á fiskimiðunum fyrir Norðurlandi. — Fyrsti vél-

báturinn kom til Ólafsfjarðar skömmu eftir aldamótin og fór þeim brátt fjölgandi. Íbúum kauptúnsins fjölgandi og Ólafsfirðingar reyndust dugandi sjómenn. Þrátt fyrir kreppu og óáran byggðu þeir skipastól sinn að nýju eftir skipaskaðann 9. júní 1935 og þótt aðrir gæfust upp við þorskútgerðina beittu Ólafsfirðingar áfram bátum sínum á fiskimiðin þótt aflinn væri oft rýr og skuldir hlæðust á útgerðina. Síðustu árin hefir útgerðin aftur bætt hag sinn og losað sig úr skuldu-m. Á haustin hafa sumir flutt útgerð sína til Siglufjarðar og gert þaðan út fram á vetur og haldið síðan áfram útgerðinni þaðan eftir nýár. Stærri bátar hafa stundum farið á vertíð við Suðurland. Eg hefi leitast við að gera mér grein fyrir verðmæti sjávarafurða útfluttra frá Ólafsfirði undanfarin ár og hefi komist að þessari niðurstöðu:

Árin 1935—1937

400—630 þús. kr. á ári

Árin 1938—1940

830—905 þús. kr. á ári

Árin 1941—1942

ca. 1,5 millj. kr. á ári

Auk þess er sildarafli vélbáta frá Ólafsfirði, er seldur hefir verið til bræðslu umrædd ár, svo og þorskaflí, er lagður hefir verið á land utan Ólafsfjarðar.

Undanfarin ár hafa verið rannsókuð skilyrði til hafnargerðar í Ólafsfirði. Á grundvelli þeirra rannsókna hefir skrifstofa vitamálastjóra gert tillögur um skipakví í Ólafsfjarðar-